

LÖG

um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

14. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Hreindýr.

Umhverfisráðherra getur heimilað veiðar úr hreindýrastofninum, enda telji veiðistjóra-embættið að stofninn þoli veiði og að æskilegt sé að veiða úr honum. Ráðherra ákveður árlega fjölda þeirra dýra sem fella má, eftir aldri, kyni og veiðisvæðum, að fengnum tillögum hreindýraráðs og veiðistjóraembættisins og birtir auglýsingu þar að lútandi í Lögbirtinga- blaði. Eignarréttur á landi þar sem hreindýr halda sig veitir ekki rétt til veiða á hreindýrum.

Veiðar á hreindýrum eru heimilar öllum er til þess hafa leyfi samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Af hverju felldu hreindýri skal greiða til hreindýraráðs sérstakt leyfisgjald sem ráðherra ákveður árlega og skal gjaldinu varið til reksturs ráðsins, framkvæmda á þess vegum og vöktunar.

Umhverfisráðherra skipar fimm menn í hreindýraráð til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar en aðrir nefndarmenn skulu skipaðir með eftirfarandi hætti: Búnaðarsamband Austurlands, Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu og Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi tilnefna einn fulltrúa hvert og veiðistjóri einn og skal hann vera líffræðingur eða með sambærilega menntun. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Veiðistjóra og fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að sitja fundi hreindýraráðs og hafa þá málfrelsi og tillögurétt.

Hlutverk hreindýraráðs er:

- a. að vera umhverfisráðherra til ráðgjafar um allt er viðkemur vernd, veiðum og nýtingu hreindýrastofnsins á Austurlandi,
- b. að sjá um sölu veiðileyfa og er ráðinu óheimilt að framselja þá heimild,
- c. að gera tillögur um árlegan veiðikvóta og skiptingu hans milli veiðisvæða í samráði við veiðistjóra,
- d. að sjá um eftirlit með hreindýraveiðum og ráða til þess eftirlitsmenn,
- e. að skipta arði af sölu veiðileyfa og afurða felldra dýra.

Um vanhæfi þeirra sem sitja í hreindýraráði og annast eftirlit með hreindýraveiðum gilda vanhæfisreglur sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Verði hreindýraráð eða eftirlitsmenn á þess vegum varir við að brotið sé gegn ákvæðum laganna og reglugerðum um hreindýraveiðar er heimilt að svipta viðkomandi veiðileyfi og leita aðstoðar lögreglu ef með þarf.

Ráðherra setur að fengnum tillögum hreindýraráðs og veiðistjóra nánari reglur um framkvæmdina, m.a. um veiðieftirlitsmenn og skiptingu arðs af hreindýraveiðum.

Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum og gerir Náttúrufræðistofnun Íslands grein fyrir niðurstöðum, sbr. lög nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Af hverju felldu dýri skal greiða sérstakt gjald til þess að standa undir vöktun stofnsins og ákveður ráðherra upphæð gjaldsins, sbr. 2. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umhverfissráðherra skal setja reglugerð um stjórn hreindýraveiða og skiptingu arðs af þeim sem öðlist gildi eigi síðar en 20. júlí árið 2000.

Gjört á Bessastöðum, 22. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir.

LÖG**um breytingar á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins
að auðlindum hafsbotsins, nr. 73 18. maí 1990.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Hugtakið netlög merkir í lögum þessum sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöru-
borði landareignar.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ráðherra er heimilt að veita leyfishafa fyrirheit um forgang að leyfi skv. 3. gr. í allt að
tvö ár eftir að gildistíma leyfis til leitar er lokið og um að öðrum aðila verði ekki veitt leyfi
til leitar á þeim tíma.

3. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Íðnaðarráðherra er heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir töku eða
nýtingu sem hann heimilar skv. 1. mgr. Tekjum af leyfum skal að jafnaði varið til hafsbots-
og landgrunnsrannsókna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

4. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Við veitingu leyfa samkvæmt lögum þessum skal gætt ákvæða laga um mat á umhverfis-
áhrifum.

5. gr.

Við 5. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Í reglugerð skal tilgreina helstu ákvæði sem fram skulu koma í leyfunum, m.a. um tíma-
lengd leyfis, staðarmörk vinnslusvæða, gerð efnis, magn og nýtingarhraða ef um nýtingar-
leyfi er að ræða, upplýsingaskyldu og skil gagna, öryggis- og umhverfissráðstafanir, eftirlit og
greiðslu kostnaðar af eftirliti og leyfisgjald.

Í reglugerð skal einnig kveðið á um þau atriði sem umsækjandi skal tiltaka í umsókn um
leitar- og rannsóknarleyfi skv. 2. gr. og í umsókn um vinnsluleyfi skv. 3. gr.